

Innkaupastefna Húnavatnshrepps

Það er stefna Húnavatnshrepps að innkaup sveitarfélagsins stuðli að hagkvæmni í rekstri og hvetji um leið til nýsköpunar og framsækinnar þróunar í atvinnulífi, með virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

Húnavatnshreppur vinnur að því með eftirfarandi hætti:

- Áhersla er lögð á að stjórnslá við innkaup sé vönduð, jafnræðis seljenda sé gætt og stuðlað að virkri samkeppni.
- Innkaup eru markviss og skipulögð og unnin eftir innkaupareglum sem eru skýrar og gagnsæjar.
- Innkaup stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins eru samræmd eftir föngum.
- Áður en innkaup eru gerð er þörfin vandlega yfirfarin út frá sjónarmiðum notenda.
- Við innkaup er tekið tillit til verðs, gæða, umhverfisáhrifa og vistferilskostnaðar.
- Kappkostað er að eiga góð samskipti við birgja, ekki síst í því skyni að finna nýjar lausnir sem geta leyst betur þarfir sveitarfélagsins á hagkvæman hátt.
- Innkaupastefna og innkaupareglur eru vel kynntar fyrir því starfsfólki sem kemur að innkaupum sveitarfélagsins. Starfsfólk fær reglulega fræðslu og þjálfun sem eflir færni þess á sviði innkaupa.
- Verklag við kaup á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum er nánar útfært í innkaupareglum Húnavatnshrepps sem fylgja ákvæðum laga og reglna um innkaup.
- Stöðugt skal unnið að því að bæta verklag innkaupa hjá Húnavatnshreppi til að sem bestur árangur náist fyrir rekstur sveitarfélagsins, atvinnulíf, umhverfi og samfélagið allt.

Samþykkt í sveitarstjórn Húnavatnshrepps 14. nóvember 2018.


Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri.

